

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Reykjavík 31. mars 2023

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (skráning á skipulegum hlutabréfamarkaði, dreifð eignaraðild). [129. mál.](#)

Landssamband smábátæigenda (LS) telur frumvarpið afar gott innlegg í umræðu undanfarinna missera um að sporna við samþjöppun í sjávarútvegi og auka þannig samkeppni innan greinarinnar. Það er mat LS að frumvarpið færi lagagreinina í átt að því sem upphaflegt frumvarp um eignaraðild kvað á um. Sporna við samþjöppun og tryggja samkeppni innan greinarinnar.

LS er þeirrar skoðunar að frumvarpið varpi betur ljósi á hverjir skuli teljast tengdir aðilar. Með því ætti Fiskistofa sem eftirlitsaðili að ná betra valdi á viðfangsefninu sem svarar réttmætri gagnrýni Ríkisendurskoðunar á stofnunina, samhliða því að upplýsingaskylda virkjast fyrir.

Jafnframt vekur LS athygli á að í sameiginlegri umsögn þess, Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda og Strandveiðifélags Íslands til verkefnisins „Auðlindin okkar“ er vikið að samþjöppun. Tillagan er eftirfarandi:

Samþjöppun

Útgerðir sem ráða yfir meira en helmingi þess sem leyfilegt kvótabak nemur greiði álag á veiðigjald fyrir úthutað aflamark sem fer umfram 50% af leyfilegu kvótabaki.

Virðingarfyllt


Arthur Bogason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

